



4. FUNDUR Í SVEITARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 18. nóvember 2014, kl. 17:00

Sveitarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 4. fundar þriðjudaginn 18. nóvember 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti sveitarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Forseti óskaði í upphafi fundar eftir því að tekinn yrði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt.

Þá las forseti upp ályktun sem barst sveitarstjórn fyrir fundinn, að viðstöddu fjölmenni, varðandi verkfall tónlistarkennara sem staðið hefur í um fjórar vikur. Blönduósbær mun koma á framfæri hvatningu sveitarstjórnar til samningsaðila þess efnis að leita allra leiða til að ná samningum.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun 2015 – fyrri umræða*
2. *Fjárhagsáætlun 2016 – 2018 – fyrri umræða*
3. *Fundargerðir:*
 - a) *Byggðaráðs frá 15. október 2014*
 - b) *Byggðaráðs frá 20. október 2014*
 - c) *Byggðaráðs frá 22. október 2014*
 - d) *Byggðaráðs frá 27. október 2014*
 - e) *Byggðaráðs frá 29. október 2014*
 - f) *Byggðaráðs frá 4. nóvember 2014*
 - g) *Byggðaráðs frá 13. nóvember 2014*
 - h) *Landbúnaðarnefndar frá 16. október 2014*
 - i) *Menningar-, tómstunda- og íþróttarnefndar frá 21. október 2014*
 - j) *Fræðslunefndar frá 4. nóvember 2014*
 - k) *Fræðslunefndar frá 5. nóvember 2014*
 - l) *Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 13. nóvember 2014*
4. *Samþykktir við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi*
5. *Skýrsla sveitarstjóra*

Afgreiðslur:

1. *Fjárhagsáætlun 2015 – fyrri umræða*



Fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til fyrri umræðu, rekstaryfirlit og sjóðsstreymi. Sveitarstjóri Blönduósbæjar, Arnar Þór Sævarsson, fór yfir áætlunina með fundarmönnum. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2016-2018 – fyrri umræða

Þriggja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árin 2016-2018 lögð fram til fyrri umræðu. Umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar 2016-2018 til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerðir

a) Byggðaráðs frá 15. október 2014

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b) Byggðaráðs frá 20. október 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

c) Byggðaráðs frá 22. október 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

d) Byggðaráðs frá 27. október 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

e) Byggðaráðs frá 29. október 2014

Fundargerðin er í 8 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Liður 3 í fundargerðinni borinn sérstaklega undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

f) Byggðaráðs frá 4. nóvember 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

g) Byggðaráðs frá 13. nóvember 2014

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



h) Landbúnaðarnefndar frá 16. október 2014

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

i) Menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar frá 21. október 2014

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

j) Fræðslunefndar frá 4. nóvember 2014

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

k) Fræðslunefndar frá 5. nóvember 2014

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Engar umræður urðu um fundargerðina og var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

l) Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frá 13. nóvember 2014

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Fram kom tillaga að fresta lið 5 í fundargerðinni og var samþykkt að fresta afgreiðslu hans. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

4. Samþykktir við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi

Endurskoðaðar samþykktir við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi lagðar fram á fundinum. Samþykkt að vísa samþykktunum til annarrar umræðu með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Skýrsla sveitarstjóra

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri, fór yfir ýmis mál í sveitarfélaginu og má lesa skýrslu sveitarstjóra á heimasíðu sveitarfélagsins á næstu dögum.

6. Önnur mál

a) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún. frá 18. nóv 2014



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

Fundargerðin er í 5 liðum og er hér lögð fram til kynningar og umræðu. Sveitarstjórn Blönduósbæjar lýsir yfir fullum stuðningi við tillögu fulltrúa Blönduósbæjar í stjórninni sem borin var upp undir lið 1 í fundargerðinni.

Fundargerðin upplesin og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundi slitið kl. 20:10.

Valgarður Himarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Sindri Páll Bjarnason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)